

Mánudaginn 22. janúar 1962.

Nr. 114/1961. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)

gegn

Halldóri Indriðasyni

(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
Ármann Snævarr.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki verður talið öldungis öruggt, eftir því sem háttað hefur verið um blóðtöku og meðferð blóðsýnishorna í máli þessu, að ekki kunni að hafa ruglazt blóðsýnishorn af blóði ákærða og vitnisins Jóns Konráðs Magnússonar, enda voru þau ekki þegar í stað látni í lokuð og merkt umslög. Verður því að leggja til grundvallar dómi, að blóðsýnishorn það, sem sýndi minna áfengismagn í blóði, hafi verið úr ákærða. Ákærði verður því aðeins sakfelldur eftir 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 auk 2. mgr. sömu greinar og 2. mgr. 45. gr. sbr. 80. gr. sömu laga svo og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing sú, sem ákærði hefur unnið til, þykir hæfilega ákveðin 2000.00 kr. sekt í ríkissjóð og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber með hliðsjón af hegðun ákærða við aksturinn samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 að svipta ákærða ökuréttindum í 3 ár alls.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Indriðason, greiði kr. 2000.00 sekt í rikissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 3 ár alls.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Guttorms Erlends-sonar og Sveinbjörns Dagfinnssonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1961.

Ár 1961, föstudaginn 21. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2175/1961: Ákærvaldið gegn Halldóri Indriðasyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins með ákæruskjali, dagsettu 8. desember 1959, höfðað á hendur Halldóri Indriðasyni múrara, Smiðjustíg 5 B, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 20. nóvember s.l., kl. rúmlega 02.20, undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 938 frá Strandgötu 19 í Hafnarfirði og suður á Krísuvíkurveg svo og fyrir að hafa ekki gert lögmætar ráðstafanir eftir árekstur á Strandgötu 19.

Telst þetta varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 29/11 1933 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1952 15/4 An. Sátt: 400 kr. sekt f. brot á 27. gr. laga nr. 33/1935.

1956 27/8 Rvík. Sátt: 400 kr. sekt f. brot á 33. gr. áfengislaga.

— 28/9 Rvík. Kærður fyrir brot á 28. gr. lögreglusamp. F. n.

1958 20/11 Rvík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 20. nóvember 1959, um kl. 02.20, var tilkynnt á lögreglustöðina í Hafnarfirði, að þá rétt í því hefði bifreið ekið á glugga Skartgripaverzlunar Magnúsar Guðlaugssonar og brotið hann, ekið síðan af vettvangi suður Strandgötu og á Krísvíkurveg. Lögreglumenn hófu þegar að leita að bifreið þessari og fundu hana skömmu síðar. Reyndist þetta vera fólksbifreiðin R 938, eign ákærða, Halldórs Indriðasonar. Auk ákærða í bifreiðinni umrætt skipti voru Jón Konráð Magnússon ritstjóri, Dunhaga 11, og stúlkurnar Guðrún Hanna Guðmundsdóttir, Hólmgarði 21, 14 ára að aldri, og Dagbjört Guðmundsdóttir, Kleppsvegi 52, 17 ára að aldri.

Tildrög að ákeyrslu þessari reyndist vera þau, að nefndar stúlkur höfðu nokkru fyrr sömu nótt komið upp í bifreiðina R 938 í Reykjavík. Ákærði ók þá bifreiðinni. Ákærði ók nú nokkuð um götur Reykjavíkur og þaðan áleiðis til Hafnarfjarðar. Skammt austan við Hafnarfjörð leyfði ákærði Guðrúnu Hönnu að taka við stjórn bifreiðar sinnar. Guðrún Hanna ók nú inn í Hafnarfjörð og þar nokkuð um götur bæjarins. Er hún hugðist beygja af götu þeirri, er liggur hjá kirkjunni og inn á Strandgötu, rann bifreiðin á hálli akbrautinni, en Guðrún Hanna missti vald á bifreiðinni, sem lenti á glugga skartgripaverzlunarinnar. Ákærði tók þá að nýju við stjórn bifreiðar sinnar og ók á braut suður á Krísvíkurveg, en þar náði lögreglan bifreiðinni og færði farþega og ökumann á lögreglustöðina í Hafnarfirði til yfirheyrslu.

Lögreglumenn sáu þegar við frumrannsókn, að ákærði og Jón Konráð höfðu neytt áfengis. Voru þeir því báðir fluttir til blóðtöku til alkóhólrannsóknar. Í blóðsýnishorni ákærða, Halldórs, er merkt var HF 76, fundust reducerandi efni, er samsvara 1,47% af alkóhóli. Í blóðsýnishorni Jóns Konráðs, er merkt var HF 77, fundust reducerandi efni, er samsvara 0,68% af alkóhóli.

Fyrir dómi 20. nóvember 1959 skýrði ákærði, Halldór, svo frá, að kvöldið fyrir ökuóhappið hafi hann verið á dansleik í Þórscfé hér í bæ. Þar hafi hann ekki neytt áfengis. Hins vegar, eftir að dansleiknum lauk, hafi hann ekið um Aðalstræti, þar sem stúlkurnar komu í bifreið hans. Að því búnu hafi hann keypt áfengi fyrir Jón Konráð, er fylgzt hafði með honum af dansleiknum, af óþekktum leigubifreiðarstjóra í Tryggvagötu. Hann hafi síðan ekið sem leið liggur til Hafnarfjarðar. Við afleggjar-

ann út á Álftanes hafi hann leyft stúlkunni Guðrúnu Hönnu að taka við stjórn bifreiðar sinnar, en Guðrún Hanna hafi tjáð sér, að hún hefði ökuréttindi. Ástæðan fyrir því, að hann leyfði stúlkunni aksturinn, hafi verið sú, að hann hafi haft hug á því að neyta einhvers áfengis með Jóni Konráði. Hann hafi verið búinn að drekka nokkra sopa af áfenginu, er Guðrún Hanna missti bifreiðina á verzlunargluggann. Við óhappið hafi komið fát á sig. Hafi þá orðið úr, að hann tók við stjórn bifreiðarinnar af nýju og ók suður fyrir Hafnarfjörð. Þar kveðst ákærði hafa áttað sig á því, að hann væri að gera vitleysu. Hafi hann því stöðvað bifreiðina. Lögreglan hafi svo komið þar að bílnum.

Ákærði kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en hins vegar aðeins eftir að hann kom á lögreglustöðina í Hafnarfirði til frekari rannsóknar.

Fyrir dóm kom sem vitni sama dag Jón Konráð Magnússon. Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið ásamt ákærða á dansleiknum í Þórscafé, þar hafi það drukkið allmikið áfengismagn og fundið til greinilegra áfengisáhrifa. Eftir dansleikinn hafi það síðan fylgt með ákærða, er þá hóf að aka bifreið sinni. Ákærði hafi síðan ekið sjálfur utan þess, að stúlkan Guðrún Hanna ók nokkuð í Hafnarfirði, þar til óhappið varð. Eftir það hafi ákærði aftur tekið við stjórn. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að ákærði hafi neytt áfengis á dansleiknum. Vitnið kveðst þó ekki minnst þess, að ákærði neytti af áfengi því, er ákærði keypti fyrir vitnið eftir dansleikinn. Vitnið kveðst halda, að það hafi boðið stúlkunum áfengi, en kveðst þó halda, að þær hafi ekki smakkað á því.

Með bréfi 4. febrúar 1960 fór skipaður verjandi ákærða þess á leit við dóminn, að framhaldsrannsókn yrði háð í málinu til að kanna það, hvort blóðsýnishorn ákærða Halldórs og vitnisins Jóns Konráðs hefðu getað ruglazt umrætt skipti. Í þessu sambandi fór fram viðtæk rannsókn bæði í sakadómi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Kristján Jóhannesson læknir, Mjósundi 15, Hafnarfirði, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið tók ákærðum og Jóni Konráði blóðsýnishornin umgetið sinn. Fyrir dómi mundi vitnið ekki eftir umræddum blóðsýnishornatökum, en kvað það á hinn bóginn venju sína, er það taki blóðsýnishorn úr fleiri mönnum en einum í sama skiptið, að taka einn í einu inn á lækningastofuna. Að lokinni blóðtöku þar kveðst vitnið strax fylla út vottorð um blóðtökuna. Vitnið kveðst spyrja þann, er blóðið er tekið úr, að

nafni og rita það á vottorðið ásamt tíma þeim, er blóðtakan fer fram á. Síðan kveðst vitnið jafnan afhenda lögreglumanni þeim, er færi menn til blóðtöku, sýnishornið og vottorðið, áður en blóð er tekið úr næsta manni.

Steingrímur Helgi Atlason lögregluþjónn, Hraunbrekku 15, Hafnarfirði, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitni þetta færði ákærða og Jón Konráð til blóðtökunnar. Vitnið hefur skýrt svo frá, að sýnileg áfengisáhrif hafi verið svipuð á báðum mönnunum, þó hafi ákærði verið heldur rauðeygðari. Báðir hafi þeir verið stöðugir í göngulagi og prúðir í framkomu. Blóðtakan sjálf hafi farið fram með þeim hætti, að ákærði fór einn inn á lækningastofuna til læknisins, en vitnið og Jón Konráð biðu fyrir framan á meðan. Að blóðtöku ákærða lokinni hafi læknirinn fengið sér blóðsýnishornið ásamt blóðtökuvottorði. Vitnið kveðst nú hafa vafið vottorði læknisins utan um glasið og stungið því síðan í annan buxnavasa sinn. Síðan hafi blóðtakan farið fram úr Jóni Konráði, og hafi það gengið svipað fyrir sig, þannig að vitnið kveðst hafa stungið því blóðglasi umvöfðu vottorði læknisins í annan buxnavasa heldur en fyrra glasið var þá í. Vitnið kveðst síðan ekki hafa látið blóðglös þessi úr sinni vörzlu fyrr en það hafi merkt þau og fært merkingar inn í skrá lögreglu. Við merkingarnar hafi það aðeins handfjatlað annað blóðglasið í einu, og gengið þannig fyllilega frá því, áður en hitt glasið var tekið fram. Ruglingur hafi því ekki getað orðið hjá því í meðferð á glösunum.

Vitnið Jón Konráð Magnússon hefur borið um blóðtöku læknisins á svipaðan hátt og framangreint vitni, þannig að læknirinn hafi tekið þá sinn í hvoru lagi inn á lækningastofuna til aðgerðarinnar. Þó kveður vitnið sig minna það, að læknirinn hafi að loknum aðgerðunum afhent lögreglumanninum samtímis tvær „túbur“ úr gleri.

Ákærði, Halldór, hefur skýrt svo frá, að læknirinn hafi fyrst tekið sér blóðið á stofu sinni og komið því fyrir í tilraunaglas. Síðan hafi læknirinn spurt um nafn sitt og heimilisfang og skrifað það á miða. Að því búnu hafi honum verið vísað aftur fram í biðherbergi. Ákærði kveðst ekki frekar hafa fylgzt með blóðglasinu né miða þeim, er læknirinn skrifaði nafn hans á, nema hvað læknirinn afhenti lögreglumanni þeim, er fylgdi þeim Jóni, tvö sívöl glös umvafin bréfmíðum, eftir að Jóni hafði einnig verið tekið blóðið. Ákærði hefur þá tekið fram í þessu sambandi, að lögreglumaðurinn, er fylgdi þeim félögum til læknisins, hafi lagt bæði

blóðglösin á borð á lögreglustöðinni, er þangað var aftur komið. Ákærði kveðst ekki hafa séð lögreglumennina fást við að merkja glösin þá.

Vitnin Guðrún Hanna Guðmundsdóttir, Dagbjört Garðarsdóttir og lögreglumennirnir Sigurður Jónsson, Hafnarfirði, og Kristinn Hans Hákonarson, Hafnarfirði, hafa öll talið ákærða hafa verið undir áfengisáhrifum í umrætt skipti. Til samanburðar við áfengiseinkenni vitnisins Jóns Konráðs hefur vitnið Dagbjört talið, að líkt hafi verið á komið í þeim efnum með ákærða og Jóni Konráði. Vitnið Sigurður Jónsson hefur talið, að Jón Konráð hafi verið örari greint sinn, og því virzt hann vera undir meiri áfengisáhrifum en ákærði. Vitnið Kristinn Hans Hákonarson hefur á hinn bóginn talið ákærða hafa virzt vera undir meiri áfengisáhrifum en Jón Konráð, sem vitnið telur, að haft hafi sig minna í frammi við það.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið úr framhaldsrannsókninni, þykir eigi vera komin fram þau rök, er bent gætu til þess, að ruglingur hefði orðið í meðförum á blóðsýnishornum ákærða og vitnisins Jóns Konráðs. Verður því alkóhólrannsókn ákærða, eins og hún liggur fyrir, lögð til grundvallar í máli þessu ásamt öðrum gögnum.

Samkvæmt viðurkenningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, samkvæmt framburðum vitnanna, er raktir eru að nokkru hér að framan, þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir og þar er rétt heimfærð til refsíákvæða.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt framansögðu varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum sínum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hdl., kr. 2500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Indriðason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur ökuréttindum sínum í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hdl., kr. 2500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1962.

Nr. 22/1961. **Dráttarbraut Keflavíkur h/f**
(Vilhjálmur Árnason hdl.)

gegn

Sigurði Jóhannssyni (Magnús Árnason hdl.)
og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólísson og prófessor
Theódór B. Línal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1961 og gerir þessar dómkröfur:

1. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 25.875.70 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1960 til greiðsludags.
2. Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og
3. Að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1961 og gerir þessar dómkröfur:

1. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 181.857.71 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1959 til greiðsludags.
2. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og